

Brot þau, sem kærðu eru grunaðir um að hafa framið, geta varðað fangelsi samkvæmt 54. gr. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 78/1984, og standa því ákvæði stjórnarskrárinnar eigi í vegi fyrir gæsluvarðhaldi kærðu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Tómas Sigurðsson og Brynjólfur Yngvason sæti gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en Tómas (sic) til miðvikudagsins 22. ágúst n.k., kl. 17:00, og Brynjólfur til föstudagsins 17. ágúst n.k., kl. 17:00.

Þriðjudaginn 4. september 1984.

Nr. 152/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Karvel Gränz

Kærumál. Húsleit. Handtaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 25. ágúst 1984, en kærugögn bárust Hæstarétti 28. s.m. Krefst varnaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar svo og 1. mgr. 59. gr. laga nr. 74/1974 ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Keflavíkur 24. ágúst 1984.

Ár 1984, föstudaginn 24. ágúst, er í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins, Vatnsvegi 33, Keflavík, af Guðmundi Kristjánssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins hefur í dag krafist þess, að með úrskurði verði heimiluð leit á heimili Karvels Gränz, f. 05.03.1954, Hafnargötu 20, Keflavík, til þess að handtaka þar nefndan Karvel og ennfremur leit að sakargögnum, en hann er grunaður um fíkniefnabrot, sbr. 173. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974.

Í kröfugerðinni kemur fram, að RLR hefur undanfarnar vikur unnið að umfangsmikilli rannsókn á hvarfi bankabóka úr vörslum skiptaréttar Reykjavíkur og úttekt á fé úr þeim, sem nemur verulegri fjárhæð. Þykir upplýst, að þeir, sem þarna eru grunaðir, hafi haft umtalsvert magn fíkniefna undir höndum og þá til eigin nota sem og til sölu til annarra. Leikur sterkur grunur á, að hinu svikna fé hafi verið varið að verulegum hluta til að kaupa á fíkniefnum, sem síðan hafi verið seld. Skv. rannsóknargögnum sé rík ástæða til að ætla, að fyrrnefndum Karvel og einn hinna grunuðu í nefndu fjársvikamáli hafi staðið í fíkniefnaviðskiptum og sé Karvel meðal annarra grunaður um dreifingu fíkniefnanna.

Í nýnefndum gögnum segist annar, sem grunaður er í fjársvikamálinu, hafa verið viðstaddur afhendingu fíkniefna til Karvels í fjögur skipti í maí og júní sl.

Samkvæmt fransögðu telst rökstuddur grunur fram kominn um aðild Karvels að ólöglegri meðferð ávana- og fíkniefna, sem réttlæti framangreinda kröfu í þágu rannsóknar máls þessa, sbr. 1. mgr. 48. gr., 49. gr., sbr. 51. gr. laga nr. 74/1974.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, og fyrrnefndra 48. og 49. gr., þykir rétt að heimila leit að títtnefndum Karvel á heimili hans og húsum að Hafnargötu, Keflavík, til þess að handtaka hann. Jafnframt þykir rétt að heimila leit þar að fíkniefnum og öðrum gögnum, sem tengst geta fíkniefnabrotum, svo og að leggja hald á slík sakargögn, ef finnast. Tekur heimild þessi til læstra hirslna.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Heimilt er að leita Karvels Gränz, f. 05.03.1954, á heimili hans og húsum Hafnargötu 20, Keflavík, og handtaka hann. Þá er heimilt að leita þar fíkniefna og annarra gagna, er tengjast kunna fíkniefnabrotum, svo og að leggja hald á meint slík sakargögn, ef finnast. Heimild þessi nær til læstra hirslna.